

Fundargerð skólaráðs 12.11 2015

Mættir: skólastjóri, fulltrúar foreldra, fulltrúar nemenda, fulltrúi kennara.

- Farið yfir **hlutverk og skipan skólaráðs í Ingunnarskóla og reglugerð** (sjá skjal: Reglugerð um skólaráð við grunnskóla).
- **Fundartímar:** miðað við að hafa í upphafi dags eða í lok dags. Hentar flestum í upphafi dags. Guðlaug bendir á að föstudagstímar eru lausir (kl. 8-8:50) og það hentar. Guðlaug setur upp drög að fundarskipulagi og sendir á alla. Miðað við ca. 6 fundi á skólaárinu.
- **Erindi frá skóla- og frístundaráði:**

Til fulltrúa í skólaráðum almennu grunnskólanna í Reykjavík.

Reglur um skólahverfi og innritun í almenna grunnskóla Reykjavíkur voru samþykktar í menntaráði árið 2005 og eru því orðnar 10 ára gamlar. Í nóvember 2013 var samþykkt í borgarstjórn Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 þar sem m.a. er kveðið á um þéttingu byggðar. Í ljósi þessa er mikilvægt að rýna skólahverfin eins og þau líta út núna og einnig vegna þeirra breytinga sem framundan eru.

Skrifstofa skóla – og frístundasviðs vill af þessu tilefni biðja skólaráð almennu grunnskólanna um álit sitt á sínu skólahverfi, líka þar sem ekki er gert ráð fyrir þéttingu byggðar skv. Aðalskipulagi. Í álitinu er æskilegt að eftirfarandi að komi fram:

- **Hverjir eru kostir og gallar núverandi skólahverfismarkna gagnvart ykkar skóla?**
- **Sjáið þið ástæðu til þess að breyta skólahverfismörkum vegna þéttingu byggðar eða vegna einhverra annarra þátta í núgildandi fyrirkomulagi?**
 - **Ef breytinga er þörf: Hvaða breytingar mynduð þið vilja sjá?**
- **Almennar athugasemdir um skólahverfamörk sem skólaráð vill koma á framfæri.**

Við erum frekar nýtt hverfi og ekki miklar breytingar framundan. Skólinn fær fjármagn v. fjölda nemenda og mögulega fækkun framundan. 440-450 nemendur ákjósanlegast fyrir Ingunnarskóla rekstrarslega séð og kemur best út í faglegu starfi. Ábending um að skilin sem nú eru í Þorláksgæisla yrðu færð og breytt þannig að allur Þorláksgæisli tilheyri Ingunnarskóla í stað sléttra húsnúmera eins og nú er. Ætlum að ígrunda betur, skoða betur íbúaspá og hverfaskipulag Sæmundarskóla megin. Tökum upp á næsta fundi.

- **Niðurstöður samræmdra prófa í 10. bekk**

Komum vel út m.v. landsmeðaltal í öllum greinum. Miðað við Reykjavík er Ingunnarskóli einnig yfir meðaltali. Guðlaug ætlar að setja upp og skila á næsta fundi og þá skoðum við líka 4. og 7. bekk.

Spurt hvort við horfum til skóla sem eru að koma vel út í samræmdum prófum í tengslum við kennsluáferðir o.þ.h. Við viljum að sjálfsögðu standa okkur vel en ekki á kostnað annarra verkefna og frelsis – við leggjum mikla áherslu á gleði og hópavinnu og finnst að nemendur eflist mjög í þess konar verkefnum og finnum það einnig á þeim nemendum sem hafa útskrifast að þeim finnst þau vera sterk t.d. í hópastarfi og að koma fram og eru ánægð með það. Við viljum ekki vera of formföst og "gamaldags" en efla sjálfstæði nemenda.

Fulltrúi foreldra bendir lýsir óánægju með álag í 10. bekk og fannst jafnvel hræðsluáróður þar

sem verið er að minnast á framhaldsskóla (svona verður þetta...). Á stúlku sem útskrifaðist í fyrra og sér að það var meira að gera í heimanámi í 10. bekk en í 1. bekk í menntaskóla. Fulltrúi nemenda bendir á að heimanám sé töluvert meira en viðmið Ingunnarskóla (5 klst. á viku) og að álag sé mikið. Þau vilji líka geti verið saman en allir vilja standa sig vel í náminu líka. Flestir sögðu 6-7 tímar á viku. Stundum ósamræmi á mentor varðandi skilaverkefni, stundum of mörg á sama tíma og hefur komið fyrir að ekki var skýrt hvort vinna ætti verkefni í tíma eða heima og skila og nemendur fengið ólokið fyrir verkefni sem þau töldu að ætti að vinna í tíma. Guðlaug biður fulltrúa nemenda um að skoða heimanámstíma hjá sér og fara yfir á næsta fundi. Fulltrúi nemenda í 9. bekk telur að álag sé hæfilegt í þeim árgangi. Fulltrúi nemenda spyr um dreifingu einkunna – hvort nemendur geti fengið að vita hvernig einkunnir dreifast (eða foreldrar). Spurning hvort það sé nóg að sýna meðaltal. Unglingadeild fær gjarnan að vita meðaltal úr prófum sem þau taka.

- **Næsti fundur ákveðinn 16. des kl. 8:10 (færist til 29. janúar 2016)**